

Þjónustuhundur ársins 2010

Ensk cocker spaniel tíkin Andrea

Þjónustuhundur ársins er ensk cocker tíkin Stardew Like A Virgin, fædd í október 2009. Hún er daglega kölluð Andrea og er eigandi hennar Margrét Steindórsdóttir. Andrea kom til Íslands sl. sumar frá Danmörku og var fyrst og fremst flutt inn sem ræktunartík. Andreu beið einnig stórt og ævintýralegt hlutverk sem hún sinnir á Hjúkrunarheimilinu í Mörk.

Í lok september sl. var opnað nýtt hjúkrunarheimili í Mörk þar sem ýmsar nýjungar eru í rekstri heimilisins. Heimilið er rekið eftir hugmyndafræði sem kallast Eden þar sem aldraðir halda sjálfraði sínu sem lengts en búa við það öryggi að vera með hjúkrun innan seilingar allan sólarhringinn.

Hjúkrunarheimilið í Mörk hefur fengið leyfi til gæludýrahalds. Íbúarnir sjálfir eru ekki enn komnir með gæludýr en tíkin Andrea er reglulegur gestur í herbergjum þeirra. Eigandi Andreu er hjúkunarfræðingur og deildarstjóri á 2. hæð suður og tekur oftast Andreu með sér í vinnuna.

Íbúarnir kunna vel að meta heimsóknir Andreu og stundum sofna hún á herbergisgólfinu hjá þeim. Andrea hefur unnið hug og hjörtu heimilismanna og starfsfólks og með nærveru sinni laðar hún fram bros og hlátur. Þegar hún heiðrar vistmenn með nærveru sinni dregur hún fram það besta og ljúfasta í fari hvers einstaklings. Andrea liggur gjarnan hjá þeim sem komast ekki fram úr sökum veikinda og oft bregður hún þá á leik með bolta eða tuskudýri og gleður hjarta þeirra. Andrea er sannur gleðigjafi íbúanna í Mörk, litar mannlífið og gerir það fegurra og betra.

